

Ed. 129. Frumvarp til fjárlaga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 82 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Í stað orðanna „25 krónur“ í a-lið 4. gr. laganna (1. gr. laga 84/1968) komi: 50 krónur, og í stað orðanna „25 krónum“ í b-lið sömu greinar komi: 50 krónum.

2. gr.

Á eftir síðari málsgrein 15. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hrekkur fé einstakra deilda samkvæmt 2. gr. eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögnum, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að lána fé frá einni deild til annarrar án vaxta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 84 31. desember 1968, um breyting á lögum nr. 82 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs, hvors fyrir sig, til Bjargráðasjóðs verði hækkuð úr 25 krónum í 50 krónur fyrir hvern íbúa. Ef frumvarpið verður að lögum, munu tekjur sjóðsins aukast um 10 millj. króna.

Hið erfiða árferði á undanförunum árum hefur orðið Bjargráðasjóði þungur baggi. Hin stórfellda aðstoð, sem veita verður bændum, vegna grasbrests og óþurrka á s. l. sumri, til þess að koma í veg fyrir of mikla fækkun bústofns, gerir þá hækkun, er frumvarpið gerir ráð fyrir, óhjákvæmilega. Er sjóðnum fyrirsjáanlega ókleift að rísa undir þeim byrðum, sem á hann þarf að leggja vegna aðstoðar þessarar, nema frumvarp þetta verði að lögum.

Framlög til Bjargráðasjóðs hafa ekki hækkað til samræmis við verð- og kauphækkanir í landinu. Verði frumvarp þetta að lögum, verður framlag á íbúa svipað og það var, fyrst þegar lögin voru sett, sé miðað við tímakaup verkamanna.

Þótt Bjargráðasjóður veiti bændum aðstoð að þessu sinni, er verkefni sjóðsins eigi að síður að hlaupa undir baggann, þegar þess gerist þörf, hvort sem það er í sveitum lands eða við sjávarsíðuna, eins og gert hefur verið á undanförunum árum. Það er mikið öryggismál að hafa öflugan sjóð, sem er þess megnugur að veita aðstoð, þegar vandræði steðja að, hvort sem það er af völdum náttúruhamfara, eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða eða af öðrum ástæðum. Vaxandi skilningur á gildi sjóðsins fyrir þjóðfélagið er fyrir hendi meðal almennings. Þótt framlag til sjóðsins verði hækkað eins og um getur í 1. gr. frumvarpsins, mun það ekki þykja of mikið. Þegar tillit er tekið til þess, hversu verkefni sjóðsins eru mörg og víðtæk.

Ákvæði 2. gr. er nær samhljóða 2. gr. laga nr. 84 31. desember 1968, um breyting á lögum nr. 82 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands. Er það endurtekið í frumvarpi þessu, þar sem hentugt þykir að afnema þau lög í heild.